

Fundur 6.1.2025 Lena frá Svíþjóð, fædd á öðrum hnetti.

Góða kvöldið.

*Gott kvöld.*

Er mér sagt að ég hafi komist í samband við gömlu jörðina, þar sem foreldrar mínir bjuggu.

*Já já.*

Eru það ættingjar mínir? Norðurlandabúar á Íslandi, er það rétt?

*Já Íslendingar komu upphaflega frá Norðulöndunum og Bretlandseyjum.*

Já og foreldrar mínir einnig.

*Já ert þú ekki fædd á jörðinni?*

Fæddist hér á þessari jörð, foreldrar mínir komu frá ykkar jörð.

*Já það er merkilegt.*

*Svo foreldrar þínir eru svona ljósir yfirlitum?*

Já.

*Og faðir þinn kannski skeggjaður, gulskeggjaður?*

Við búum á landamærunum og það er mörk dags og nætur og lítil mörk, foreldrar mínir eru já Svíar og við búum á landamærunum og okkur er ævinlega sagt að hafa samband við ykkur á gömlu jörðinni, svo þið getið forðast örlög okkar.

Og viljum við gjarnan um þetta allt fræða og

*Kannast þú eitthvað við Palme?*

Já við höfum fengið fregnir af honum og reynum að hjálpa honum á hans braut, ekki er hann á þessum hnetti, heldur annars staðar.

En hér hef ég margt af okkar lífi að segja og hafin er nú tilraun til að fjölga okkur og hjálpa þeim sem nauðstaddir eru.

Og bæði okkar megin landamæranna og sérstaklega hinu megin við landamærin og hefur sérstök ráðstöfun verið gerð til þess að fjölga okkur Norrænum mönnum, en múslimar þeir og aðrir sem dvelja í myrkrinu, hafa lent í innbyrðis stríðum og hefur það valdið þeim vandræðum, fækkun.

Og höfum við sent hjálparleiðangra þangað og eru þar nokkrir hópar sem taka við hjálp og leiðsögn og komast í menningaráttina.

Og höfum við lært að stefna Olof Palme var ekki sú rétta fyrir okkar land og þjóð.

*Nei nei.*

Faðir minn kom hér fram en hefur bætt ráð sitt og móðir mín ættuð frá sama landi og höfum við farið í hjálparleiðangra og stefnum að því að fara í fleiri hjálparleiðangra.

Hef ég sérstakan áhuga á því að segja ykkur frá því hvernig er hægt að eignast vini og vinkonur handan landamæra í myrkurlandinu og hversu sárt og erfitt það er að geta ekki átt samskipti við þau, nema þegar ferðirnar yfir landamærin takast vel og aðstæður eru góðar þeirra megin, til að koma fram hjálp og ræða við þau eftir megni.

Eru þar ekki aðeins múslimar, heldur ýmsir aðrir og sumir Norrænir menn og er það merkileg saga hvernig sumum þeirra hefur tekist að koma yfir á sólarhlið plánetunnar okkar.

En því miður hafa einnig sumir frá okkar hlið lent á þeirra hlið, eftir ógöngur.

En vil ég sérstaklega segja frá mjög merkilegri orku tilraun sem reynd er á þessum hnetti, hér á þeirri hlið hnattarins, þar sem orkan er mest, er hópur fólks sem náð hefur mjög langt í lífstefnu áttina og hafa yfir mikilli orku að ráða.

Hef ég ekki komið til þeirra, en hef ég komið lengra inn í sólarlandið til hinna orku meiri og hef ég heyrt af því sögur og rætt við það fólk.

Eru þeir sem eru á þeirri hlið hnattarins, þar sem best stefnir með tilraun í gangi, til að hægja á öldrun hnattarins og koma möndulsnúningnum aftur í eðlilegt horf, eins og hann var þegar hnötturinn var yngri.

Ekki er ég nema rúmlega þrítug að aldri og nafn mitt er Lena frá Svíþjóð, Ernt Keppling foreldrar en heyrt hef ég sögur frá mér eldra fólki, inni á landsvæðum hnattarins, þar sem sól er og bjart og hamingja og hreysti, þar sem orkumeiri mannverur eru, og hafa þau sagt mér að þessar tilraunir til að yngja upp hnöttinn og koma möndulsnúningnum í gang, hafi borið smávægilegan árangur í fortíðinni og sé vænst þess að Guðir og æðri verur hjálpi til við það, en það hafi þurft mikla orku til og það sé áframhaldandi verkefni.

Er það einnig verkefni okkar að stöðva innflutninginn frá Vítunum yfir á þennan hnött, þannig að unnt verði að koma jafnvægi á mannfjöldann og hinir sem eru á lífstefnu brautinni verði í meiri hluta og ná að koma málum í lag, því sagt er að ýmsir hnetti af okkar tagi hafi farið alveg á hinn verri veg, og sé nauðsynlegt að forðast þau örlög.

Vímuefni koma við sögu minna foreldra og lentu þau því á þessum stað, en hefur þeim tekist að snúa við blaðinu og er það mikil fagnaðarsaga og gleðileg tíðindi, og vil ég blása þeim öllum von í brjóst sem eiga slíka sögu meðal ykkar.

Vona ég einnig að land okkar á jörðinni komist á betri braut og njóti góðrar stjórnar og jafnvægi á sínum landamærum.

Þakka ég fyrir mig og segi hoy, hoy.

*Vertu blessuð Lena og þakka þér fyrir komuna.*

Já verið þið sæl takk fyrir, verið þið sæl.